



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Norðurþingi

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Norðurþingi skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126 samkvæmt samningum

Starfsmannafélags Húsavíkur, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum, samtals: **2.959. kr.**

2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. eða **256.789, kr.**
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **385.183, kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.

7. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.

8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3.gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4.gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustupega, 18 ára og yngri og skal draga meðlags upphæð frá Tryggingastofnun ríkisins **kr. 35.565. kr** frá heildartekjum þjónustupega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er kr. 2.959.- frá 01.01.2021.

Tekjumörk þjónustupega sem búa einir:

Gjaldflokkur:

Allt að 256.789 kr pr. mán	0 kr/klst
Á bilinu 256.789 – 385.235 kr/mán	986 kr/klst
Á bilinu 385.235 – 445.418 kr/mán	1.480 kr/klst
Yfir 445.418,- kr/mán	2.959 kr/klst

Tekjumörk hjóna kr/mán.

Allt að 385.183 kr/mán	0 kr/klst
Á bilinu 385.183 – 569.402 kr/mán	986 kr/klst
Á bilinu 569.402 – 656.908 kr/mán	1.480 kr/klst
Yfir 656.908 kr/mán	2.959 kr/klst

Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrisþega er 256.789 pr. mán

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2021.